

Lífræn aðskotaefni í hrefnurengi

Lífrænu aðskotaefnin voru mæld í óunnu rengi fimm tarfanna sem kvikasilfur var mælt í. Díoxínin mælast ávallt vel undir gildandi mörkum fyrir fiskmeti og engin díoxín mældust yfir greiningarmörkum í stystu þremur dýrunum, aðeins 4 (af 17) í einu sýnanna og aðeins eitt díoxín í því sýni, sem tekið var af lengsta tarfinum í veiðunum 2003.

Er varðar díoxínlík PCB-efni reynast þau á svipuðu reki og í hrefnukúm úr Barentshafi en talsvert lægri en gildin fyrir hrefnukúr úr Norðursjó. Ekki hafa verið sett mörk fyrir díoxínlík PCB-efni en stefnt er að því innan ESB að þau verði sett fyrir lok 2004. Hins vegar hefur áhættumat farið fram en eins og fyrir kvikasilfur eru þessi mörk miðuð við föstur og ungvíði á brjósti en þeim er mest hættu búin og eru fyrstu einkenni ekki ósvipuð og vegna kvikasilfur eða seinni þroski. Eins og neyslu rengis er háttáð á Íslandi er ekki ástæða til að ætla að sá styrkur sem mældist í hrefnurenginu geti valdið skaða en þess er að gæta við hugsanlegt áhættumat við neyslu á hrefnurengi með tilliti til þessara niðurstaðna að við vinnsluna getur fitumagn rengisins lækkað verulega og þar með hlutfallslegur styrkur díoxína og díoxínlíkra PCB-efna (auk annarra lífrænna aðskotaefna) á votvigtargrunni en styrkur þessara aðskotaefna lækkar hins vegar óverulega í fitunni sjálfri.

Er varðar bendi-PCB-efnin, þá virðist styrkur þeirra vera nokkuð hærri í þessum íslensku törfum en í hrefnukúm úr Barentshafi. Rengi af hrefnu veiddri í Norðursjó reyndist hins vegar 4-5 sinnum hærri í þessum þáttum en hrefnan úr Barentshafi. Aftur er athygli vakin á að þessi hrefnusýni frá Íslandi voru öll af törfum en sýnin úr Barentshafi voru öll af kúm en að öðru jöfnu eru þær lægri í lífrænum aðskotaefnum en tarfarnir. Ekki hefur farið fram áhættumat á þessum einkennis-PCB-efnum á sama hátt og fyrir díoxínin og díoxínlíku PCB-efnin. Hins vegar stendur slíkt áhættumat yfir á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) og bandarískra heilbrigðisyfirvalda innan ramma Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og er áætlað að það liggi fyrir í lok 2004. Íslenska aðskotaefnareglugerðin hefur leyfilegt hámarksgildi fyrir sjö einstaka einkennis-PCB-þætti og samtölu allra PCB-efna (sem samtals geta verið 209). Er þetta eins strangasta reglugerðin í heimi er varðar þessi efni. Ef samtalan er metinn út frá þessum mælingum á einstökum PCB-efnum, þá reyndist meðaltal heildarstyrks PCB-efna vera undir mörkunum. Eitt sýnanna, næststærsti tarfurinn, virtist þó vera yfir mörkum en að teknu tilliti til óvissu í mælingu í samræmi við reglur aðskotaefnareglugerðarinnar var sýnið ekki óyggjandi yfir mörkunum. Fyrir einstök bendi-PCB-efni reyndist meðaltal niðurstaðnanna fyrir þessi fimm sýni af íslensku rengi vera undir öllum þessum mörkum en fyrir CB-153 er meðaltalið þó jafnt mörkunum. Ef CB-138 og CB-153 eru undanskilin, þá eru allir þessir þættir í einstökum sýnum vel undir mörkum íslensku aðskotaefnareglugerðarinnar. Í einu sýnanna var CB-138-þátturinn jafnhár þessum mörkum en öll önnur dýr voru undir mörkunum fyrir CB-138. Fyrir CB-153 virtust tvö sýnanna vera yfir þessum mörkum en að teknu tilliti til óvissu í mælingum eins og að ofan er niðurstaðan ekki óyggjandi yfir mörkum. Ástæða þess að anað sýnanna reyndist svo nálægt mörkunum sem raun ber vitni, kemur m.a. til af því að hún var fiturýrust en dýrin geta gengið á fitu sína en aðskotaefnin sitja hins vegar eftir í þeirri fitu sem á dýrinu er. Auk þessa var þessi hrefna meðal stærstu tarfa í veiðinni 2003, aðeins 4 tarfar voru stærri. Í hinu tilvikinu var um að ræða stærsta tarf veiðanna 2003.